

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/536
komudagur 7.7.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 6. júlí 2009

Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

**Frumvarp til laga, þingskjal 70 - 62. mál
um hámarkshækkun verðtryggingar fjárskuldbindinga**

Frumvarpið er í 4 greinum og er einfalt og auðskýrt á allan hátt.

Hagsmunasamtök heimilanna vilja byrja á að þakka sýnt traust til að veita Viðskiptanefnd umsögn um frumvarpið. Beiðni um umsögn barst 23.6. og farið er fram á að umsögn liggi fyrir eigi síðar enn 7. júlí.

Hagsmunasamtök heimilanna benda á að skuldastaða íslenskra heimila er í sögulegum hæðum í öllu samhengi og fer samt hratt hækkandi. Samtökin telja mikilvægt að grípa til hvernar þeirrar aðgerðar sem geti spornað við ferkari hækkun skulda heimilanna og leiðrétt þá gríðarlegu hækkun sem hefur orðið á lánum þeirra, sem orsakast ekki sist af bindingu veðlána við visitölu neysluverðs.

Í frumvarpi til laga á þingskjali nr. 70 – 62. mál, er lögð til breyting á 13. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur, sem felur í sér að sett verði 4% þak á þær verðbætur sem hægt verður að bæta ofan á höfuðstól verðtryggðra lána. Hér er um að ræða eitt af stærstu baráttumálum Hagsmunasamtaka heimilanna, þó samtökin vilji gjarnan sjá þetta þak verða afturvirktilt til 1. janúar 2008. Hvetja þau til þess að slíkt verði tekið til alvarlegrar skoðunar. Einnig telja samtökin mikilvægt að sett sé þak á óverðtryggða vexti húsnæðislána líkt og gert er í nágrannalöndum okkar. Samtökin telja það lykilinn að því að byggja hér upp heilbriggt lánaumhverfi, að neytendur geti fengið langtímalán með hóflegum vöxtum. Núverandi fyrirkomulag er ávísun á hverja kollsteypuna á fætur annarri, eins og við höfum mátt upplifa hér á landi undanfarna áratugi. Slíkar kollsteypur, sem beint er hægt að tengja við verðtryggingu lána, hafa verið 4-5 frá árinu 1980 og er alveg með ólíkindum að ennþá sé hangið á kerfi sem ekki virkar, að því er virðis vegna þess að hitt virkaði ekki á fyrstu árum almenna lífeyrissjóðakerfisins. Hagsmunasamtök heimilanna skilja vel þá mismunandi hagsmuni, sem hér um ræðir, en telja að verðtrygging lána hafi verið full reynd og hún beðið skipbrot. Skuldabyrði heimilanna í landinu nam 269% af ráðstöfunartekjum þeirra um síðustu áramót og hefur hækkað um að jafnaði 10% á ári undanfarin 4 ár. Við upphaf verðtryggingar var þetta hlutfall 20%!

Hagsmunasamtök heimilanna leggja til eftirfarandi breytingartillögu á 1. gr. frumvarpsins:

„...þó skal hámarkshækkun verðtryggingar á ársgrundvelli vera 2,5%. Jafnframt skal setja 5% þak á nafnvexti verðtryggðra veðlána. Um..“

Í lögum bætist bráðabirgðaákvæði:

„Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. um 2,5% hámarkshækkun verðtryggingar á ársgrundvelli, þá skuli hámarkið vera 4% á ársgrundvelli fyrir árin 2009, 2010 og 2011.“

Með þessari tillögu vilja samtökin að send séu skýr skilaboð til lántakenda í stigvaxandi vanda, að 4% hámarkið sé bara fyrsta skrefið í því að afnema verðtryggingu lána.

Hagsmunasamtök heimilanna telja bráðnauðsynlegt að komið sé böndum á hækkun höfuðstóls verðtryggðra lána. Hafa skal í huga að um 700 milljarðar af skuldaaukningu heimilanna frá árinu 2000 eru vegna verðbóta á höfuðstól lánanna. Þetta eru peningar sem

aldrei voru teknir að láni heldur hafa orðið til vegna laga frá 1978! Bara á síðustu tveimur árum hafa verðtryggð lán hækkað um 250-350 milljarða, ef ekki meira vegna falls krónunnar og verðbólgunnar sem því fylgdi. Staðan er orðin svo óeðlileg, að sæki ríkissjóður nýjar/auknar tekjur í formi neysluskatta, þá fá fjármálafyrirtæki til sín margfaldar þær tekjur sem renna í ríkissjóð! Þetta fyrirkomulag hreinlega hindrar að ríkissjóður geti rétt úr kútnum vegna þessara hliðaráhrifa.

Verði sett þak á hækkun verðtryggingar má búast við því að lánveitendur reyni að sækja sér tapaða ávöxtun í hækkun nafnvaxta. Gerist það hverfur ávinningurinn af þakinu á verðtryggingunni, því er nauðsynlegt að setja jafnframt þak á nafnvexti. Mörkin sem samtökin leggja til eru þau sem gilda í Danmörku um þessar mundir.


Varðandi 2. gr. frumvarpsins, þá eru samtökin sammála því að ríkið og opinberar stofnanir eigi að fara á undan með góðu fordæmi og hætta útgáfu verðtryggðra skuldabréfa eða útgáfa slíkra bréfa falli undir sömu takmörkun og lýst er í 1. gr. frumvarpsins. Þar sem að samtökin eru áhugasamtök, þá höfum við ekki getu til að leita lögfræðilíts um hvort lög nr. 38/2001 sé rétti staðurinn fyrir þetta ákvæði, en okkar hyggjuvit segir, að líklegast eigi svona skorður betur heima í öðrum lögum. Vilja samtökin að það sé tekið til skoðunar til þess að einfalda bæði framkvæmd laga og eftirlit með framkvæmd þeirra.

Hagsmunasamtök heimilanna taka heilshugar undir þá tillögu í 3. gr. frumvarpsins að Alþingi skipi „nefnd sem leggi mat á og mót[ing] tillögur um aðgerðaáætlun og nauðsynlegar lagabreytingar um frekara afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga“. Samtökin telja verðtryggingu löngu fullreynt fyrirbrigði sem hafi frekar falið bresti og galla í íslenska hagkerfinu en að draga úr þeim. Eftir að Seðlabanki Íslands tók upp verðbólguviðmið í lok mars 2001, þá hefur bankanum aðeins tekist örfáum sinnum að halda verðbólgunni innan 2,5% viðmiðunarmarka og eingöngu nokkrum sinnum til viðbótar innan efri vikmarka (4%). Síðast var verðbólga innan efri vikmarka í júlí og ágúst 2007 og þar áður sömu mánuði 2005. Þetta gerir 4 sinnum á 4 árum. Telst slíkt seint til afreka í efnahagsstjórn. Síðast þegar verðbólga mældist undir viðmiðunarmörkunum var í apríl 2004 og aðeins fimm sinnum frá því að verðbólguviðmið voru tekin upp hefur verðbólga mælst undir 2,0%. Meðalverðbólga frá mars 2001 er 6,24% og heildarverðbólga 68,8%. Ef verðbólguþröskulmið Seðlabankans hefðu staðist, þá hefði verðbólga frá mars 2001 til júní í ár mælst 22,6%. Þarna munar 46,2% sem er herkostnaðurinn af misheppnaðri verðbólguþröskulmið. Það má því með sannri segja að nærri þriðjungur af verðtryggðum skuldum sé komin til vegna þess, að Seðlabanki Íslands mistókst að framfylgja peningastefnu bankans.

Með umsögn þessari eru fylgiskjöl sem skýra áherslu- og sáttarsjónarmið samtakanna, auk greina sem setja stöðu heimilanna í skýrara ljósi.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is



Marinó G. Njálsson
Friðrik Ó. Friðriksson

Fylgiskjöl:

HH Samfélagssáttmáli 090605 m fb

HH Gjaldprot vísitölufjölskyldunnar 2009-6

HH Skuldastaða heimilanna – MGN ~~2009-6030709~~

HH Viðhorfskönnun-1 félagsmanna 2009-6

HH Vísauki 2-VK1 Hefur þú þurft að neyta þér um nauðsynjar síðustu mánuði? Opin spurning
Naita Um Nauðsynjar

Formattad: Left

Gjaldprot íslensku vísitölufjölskyldunnar

Ríkisstjórnin og Seðlabankinn keppast við að reikna út skuldir, tekjur og greiðslubyrði heimilanna þessa dagana. Síðan er leitast við að telja almenningi í trú um að heimilin geti vel staðið undir skuldabagga bæði þjóðarinnar og heimilanna, sem þyngist dag frá degi vegna óðaverðbólgu og veikingar krónunnar, sem og aðgerða stjórnvalda. Slíkar yfirlýsingar og upplýsingar virðast þó vera algjörlega á skjön við þá mynd sem upplýsingaveitur og hagtölur opinberra aðila gefa af stöðu heimilanna.

Enginn hagfræðingur eða reiknimeistari hjá því opinbera eða hjá launþegahreyfingunni, virðist hins vegar hafa séð ástæðu til eða hefur kannski öllu heldur ekki lagt í, að rýna í þær tölur sem nálgast má hjá opinberum aðilum til að stilla upp restrarreikningi vísitölufjölskyldunnar. Upplýsingar um meðal-jóninn og vísitölufjölskylduna eru birtar og uppfærðar reglulega á vef Hagstofunnar. Þar má nálgast upplýsingar á borð við meðallaun, verðbólgu og neysluvísitölu og verðbólguþátt. Að auki framreikna reiknivélar lánastofnana, s.s. Íbúðalánasjóðs, greiðslubyrði lána miðað við gefnar forsendur. Með því að nýta markvisst þessar upplýsingaveitur má sjá, hvernig meðaljóninum reiðir af frá einum tíma til annars og jafnvel greina hættumerkin, áður en í verulegt óefni er komið í heimilisrekstri vísitölufjölskyldunnar.

Heimatökin eru því hægt fyrir þá sem vilja reikna út hvort íslenska vísitölufjölskyldan eigi sér viðreisnar von, miðað við þær opinberu forsendur sem henni eru áskipaðar út frá meðaltalsútreikningum og útgefnum vísitölum. Þetta eru vel að merkja þær reikningsstærðir og mælikvarðar sem m.a. hækkar á höfuðstól lána og afborgunum taka mið af. Fyrst þarna er um nógu áreiðanlega mælikvarða að ræða þegar greiðslur heimilanna af lánum eiga í hlut, þá hljóta þeir einnig að vera nægilega traustir fyrir útreikninga á rekstrargrundvelli heimilanna og greiðslugetu.

Á heimasíðu Hagstofunnar (www.hagstofa.is) eru einnig reiknivélar fyrir vísitölustuðla frá einum tíma til annars. Ætla má að beita megi þeim á meðallaun og neysluútgjöld (án húsaleigu), þar sem þau eru ekki uppfærð jafn reglubundið og vísitölurnar. Síðan má taka meðalíbúðarlán hjá íslenskum fjölskyldum, sem Seðlabankanum reiknast til að nemi um 16 milljónum króna, og beita reiknivél Íbúðalánasjóðs á það lán miðað við að um verðtryggt lán væri að ræða (erfiðara að reikna út gengistryggt lán þar sem gengið sveiflast nú dag frá degi og ekki fyrir nokkurn mann að spá fyrir um hvernig það þróast). Til að gæta hófs miða útreikningar hér við nokkuð lágan verðbólguþátt, eða það verðbólguþátt Seðlabankans sem hærra er og var síðast þegar að var gáð 4% (er þá ekki tekið tillit til þess að verðbólga hafi síðasta árið verið nær 20%). Einnig er hér miðað við að báðar fyrirvinnur fjölskyldunnar séu með námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og að afborganir séu 3,75% af heildartekjum.

Niðurstaðan er mjög skýr. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, þá á íslenska vísitölufjölskyldan, með tvær fyrirvinnur í fullu starfi á meðallaunum (366.0000 kr), tvö börn á framfæri og meðalstórt íbúðarlán sér engan veginn viðreisnar von, heldur safnar hún skuldahalla upp á rúmar tvær milljónir á ársgrundvelli. Ætla má að rekstrarniðurstaða annarra óhagkvæmari heimilisforma s.s. eins og einhleypingsheimila og þar sem fleiri börn eru í heimili, sé jafnvel enn verri .

Raðstofnana tekjur (m.v. meðallaun og 21 vinnu)	IKR
Laun karls (nettó) kr. 260.268 x 12 mán*	3.123.216
Laun konu (nettó) kr. 260.268 x 12 mán*	3.123.216
Samtals	6.246.432
Gjöld	
Neysluútgjöld vísitölufjölskyldunnar2+2**	6.925.046
Afborganir af íbúðalánum m.v. 30 ára lán ***	1.077.899
Afborganir af LÍN lánum (3,75% af tekjum)	329.400
Samtals	8.332.345
Hagnaður/tap	-2.085.913

Mynd: Rekstrarreikningur íslensku vísitölufjölskyldunnar.

* m.v. meðallaun skv. Hagstofunni og uppfært m.v. þróun launavísitölu til maí 2009


** m.v. neysluútgjöld fjögurra manna fjölskyldu án húsaleigu og þróun neysluvísitölu til maí 2009

***M.v. meðalíbúðalán upp á 16 mkr., 30 ára lánstíma og 4% verðbólgu skv. reiknivél ÍLS

Ljóst er að þessar niðurstöður fela í sér áleitnar spurningar um íslensku vísitölufjölskylduna og möguleika hennar á að sjá sér farborða, hvað sem líður útreikningum og yfirlýsingum stjórnvalda. Með hvaða móti á vísitölufjölskyldunni að vera fært að minnka útgjöldin um rúmlega tvær milljónir króna á ári? Hvert stefnir skuldasöfnun heimilanna þegar verð á neysluvörum fer stöðugt hækkandi, afborganir af húsnæðis- og bílalánum hækka jafnt og þétt fyrir tilstuðlan eða samspil verðbólgu og/eða veikingar krónunnar, sem og vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar? Hver verða síðan áhrif viðbótarskerðinga sem stjórnvöld áforma að grípa til? Blasir eitthvað annað við þrautpíndri vísitölufjölskyldu en gjaldþrotaurður? Fela þessar niðurstöður í sér einhverja von um að fjögurra manna vísitölufjölskylda geti yfir höfuð séð sér farboða hér á landi? Eða er eina von hennar um raunhæfan rekstrargrundvöll og bjartari framtíð að hefja líf í öðru landi, þar sem réttlæti ríkir í neytenda- og lánamálum og betri rekstrargrundvöllur hefur verið skapaður fyrir heimilin?

Arney Einarsdóttir

Höfundur er stjórnarkona í Hagsmunasamtökum heimilanna, framkvæmdastjóri og ráðgjafi hjá HRM – rannsóknir og ráðgjöf og lektor við Háskólann í Reykjavík.



HRM RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF

Hagsmunasamtök Heimilanna

Samstarfið er lykillinn að góðri mennta- og velferðarþróun.



www.heimilid.is - skrifstofa@heimilid.is

Framkvæmd könnunar



HRM RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF

Verkkaupi: Hagsmunasamtök heimilanna

Markmið: varpa skýrara ljósi á viðhorf, stöðu og framtíðarsýn félagsmanna

Tími fyriragnar: föstudagur 5. júní - miðvikudags 9. júní

Aðferð: Rafræn fyrirögn - tölvupóstur með hlekk inn á könnun.

Úrtak: Allir félagsmenn í félagatali samtakanna - alls 2100 manns

Fjöldi svarenda: 965

Svarhlutfall: 46%

Svarendur: félagsmenn og velunnarar samtakanna

Kvarði: Ýmsir

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**




F. h. HRM 24. júní 2009


Arney Einarsdóttir

Bakgrunnur svarenda

Menntun - hæsta skólastig




Kyn




Meðalaldur svarenda: 43 ára

Staða á vinnumarkaði






Búseta svarenda




Tegund húsnæðislána



Viðhorf til HH


Spurning: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með framgöngu og málflutning Hagsmunasamtaka heimilanna?



Alls 65% svarenda eru mjög eða frekar ánægðir með framgöngu og málflutning HH.


Konur eru aðeins líklegri til að vera "Mjög ánægðar" en karlar. Karlar eru líklegri til að vera mjög/frekar óánægðir en konur.

Heildarfjöldi svarenda: 962




Geta til að standa við skuldbindingar

Spurning: Hverjar telurðu líkurnar á því að þú og þín fjölskylda geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar heimilisins næstu 6 mánuði?



44% svarenda telja frekar eða mjög litlar líkur á því að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar heimilisins næstu mánuði en hlutfallslega færri eða 33% telja mjög eða frekar miklar líkur á því að þeim takist það.


Svarendur með erlend lán og blönduð lán telja síður líkur á því að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar, eða alls 51% þeirra sem eru eingöngu með erlend lán og 52% þeirra sem eru með blönduð lán en aðeins 39% þeirra sem eru með eingöngu verðtryggð lán.



Heildarfjöldi svarenda: 962

Fjárhagur heimilisins

Spurning: Hver af eftirtöldum fullyrðingum lýsir best fjárhag heimilis þíns núna?




- Erum gjaldþrota (eða á leið þangað)
- Söfnum skuldum
- Notum sparifé til að ná endum saman
- Endar rétt ná saman um mánaðamót
- Getum safnað svolitlu sparifé
- Getum safnað talsverðu sparifé
- Erum hætt að borga af lánum - söfnum því á reikning
- Veit ekki
- Neita að svara

Afgerandi meirihluti svarenda, eða 61% er ekki að ná endum saman með tekjum sínum, annað hvort gjaldþrota eða á leið þangað, að safna skuldum eða að ganga á sparifé sitt. 85% þeirra sem eru með eingöngu gengistryggð lán ná ekki endum saman.

Um 2% svarenda eru hættir að borga af lánum sínum, eða tæplega 20 manns. Hlutfallslega mun fleiri þeirra sem eru með erlend lán eru gjaldþrota eða á leið þangað.


Heildarfjöldi svarenda: 965



- Eingöngu verðtryggð lán
- Eingöngu gengistryggð lán
- Verð- og gengistryggð lán

Forgangs baráttumál/aðferðir HH

Spurning: Hver telur þú að forgangs baráttumál samtakanna eigi að vera núna? (veldu allt að, en þó ekki fleiri en 3 valkosti)



Flestir svarenda telja aðgerðir vegna verðtryggðu lánin vera forgangsmál og næst flestir aðgerðir vegna gengistryggðra lána. Það endurspeglar í raun það að hlutfallslega fleiri félagsmenn eru með verðtryggð lán en gengistryggð lán.


Aðeins 20% svarenda telja greiðsluverkföll og sambærilegar aðgerðir vera forgangsmál og sama er að segja um almenn mótmæli. Hlutfallslega fleiri velja "að skapa almenna umræðu" og einnig velja fleiri hópmálsóknir.

Heildarfjöldi svarenda: 965

Samtalan er hærri en 100% þar sem svarendur máttu velja allt að þrjá valkosti.

Aðgerðir sem tilbúin/n að grípa til..

Spurning: Til hvaða aðgerða ert þú tilbúin/n að grípa til, með það að markmiði að þrýsta á um aðgerðir stjórnvalda? (mátti velja alla valkosti)



Flestir svarenda eru tilbúnir að taka þátt í mótmælum, senda bréf/tölvupóst til stjórnvalda og í þriðja lagi taka þátt í hópmarksókn gagnvart fjármálafyrirtækjum en aðeins 30% eru tilbúnir að fara í greiðsluverkfall til lengri tíma en nokkuð fleiri tilbúnir í annars konar fjármálaaðgerðir.

Heildarfjöldi svarenda: 965

Samtalan er hærri en 100% þar sem svarendur máttu velja alla valkosti sem þeir væru tilbúnir að grípa til.



Fylgibréf með samfélagssáttmála HH

„Ef vér slítum í sundur lögin, slítum vér og í sundur friðinn“

Sættir og málamiðlun í deilum eru lykilhugtök í friðarboðskap þeirra bóka sem skrifaðar voru á mestu ófriðartímum þjóðarinnar, þegar kristni var tekin upp á landinu árið 1000. En hvernig skildu menn þess tíma hugtakið lög? Lög voru alls ekki lagabókstafurinn fyrst og fremst; lögin voru samfélagið sjálft, hin siðræna undirstaða, rétt hegðun gagnvart náunganum, heiðarleiki. Ef lögin voru slitinn, ef samfélagið var brotið upp var ófriður skollinn á. Nú hafa þessi varnaðarorð Þorgeirs Ljósvetningagoða orðið að raunveruleika á okkar tímum, þegar ráðamenn þjóðarinnar hafa “slitið í sundur lögin.”

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna vill með meðsendu fylgiskjali koma á framfæri lykilatritið um málefni heimilanna inn í umræður um Samfélagssáttmála þann sem nú er í smíðum.

Sem frjálsir þegar hefur almenningur í landinu kosið sér fulltrúa, sér jafna menn og konur, til að fara með hagsmunamál sín í stjórnslu og lykilstofnunum samfélagsins. Það er gert í því sjónarmiði að jafna stöðu þegnanna á milli, skapa jöfn skilyrði til atvinnustarfsemi og jafnframt að hlúa að uppbyggingu samfélagslegra þátta.

Undanfarin ár hefur þessi skilningur snúist allur á hvolf og þegnarnir eru farnir að þjóna samfélagsyfirbyggingunni og eru orðnir að þrælum fjármálastofnana. Ef skapa á skilyrði fyrir frjálsa þegna til að búa í þessu landi og byggja hér upp atvinnulíf til framtíðar verður að snúa þessum formerkjum aftur við og hlúa að grunnstoðum samfélagsins, þegnum sjálfum, heimilunum í landinu.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna óskar ykkur góðs gengis í þeirri miklu vinnu sem þið eigið fyrir höndum og er boðin og búin til að leggja sitt af mörkum í því samhengi, sé þess óskað.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna, Reykjavík 5. júní 2009

www.heimilin.is

Póstur þessi hefur og verður einnig sendur til:

Forsætisráðherra

Fjármálaráðherra

Viðskiptaráðherra

Dómsmálaráðherra

Félagsmálaráðherra

Allra þingmanna allra flokka

Ríkissáttasemjara

Stjórnar ASÍ

Stjórnar SA


Stjórnar SI

Allra helstu sambanda og félaga verkalýs og launþega

Sambands Íslenskra sveitarfélaga og aðilarfélaga

Fjölmíðla

Samtökum, stofnunum og talsmanni neytenda



Markmið og kröfur til nýs samfélagssáttmála

Markmið

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna telur ljóst að alger forsendubrestur sé kominn upp í veðlánnum heimila, bæði hvað varðar verð- og gengistryggð lán, sem vegur að fjárhagslegu sjálfstæði íslenskra heimila og grefur undan tilvist þeirra og framtíðarsýn.

Forsendur endurreisnar eru að leiðréttingar á stöðu mála eigi sér stað í sumar og í framhaldi sameinist hagsmunaaðilar og stjórnvöld um endurmótun og þróun kerfis með það að leiðarljósi að ábyrgð í lánveitingum verði framvegis deilt af meira jafnræði milli lánveitenda og lántaka. Jafnframt verði samtímis hafist handa við að snúa ógnvekjandi skuldastöðu heimilanna við.

Hagsmunasamtök heimilanna setja hér með fram tillögur að leiðum, sem innlegg í nýjan samfélagssáttmála, til að sátt náist aftur milli hins opinbera, fjármálakerfis, atvinnulífs og heimila hér á landi sem allra fyrst. Sú sátt sem hefur varað í fjölda mörg ár, um í raun meingallað fjármálakerfi, var rofin í undanfara bankahrunsins. Ljóst er að hvorki heimilin né atvinnulífið í landinu hafa lengur ráð á núverandi verðtryggðu lánakerfi, sem hlýtur að kalla á fulikomna endurskoðun kerfisins. Til að endurheimta og byggja aftur upp traust milli þessara aðila og koma á nýjum samfélagssáttmála telur stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna nauðsynlegt að vinna að eftirfarandi markmiðum og aðgerðum:

- Meginmarkmið er að efla trú landsmanna á grunnstoðir samfélagsins í kjölfar hrunsins og byggja upp von um sanngjörn og uppbyggileg skilyrði fyrir fjölskyldur hér á landi til framtíðar og koma þar með í veg fyrir upplausn og umfangsmikinn landflóttu.
- Leiðrétta stöðu gengis- og verðtryggðra neytendalána strax í sumar.
- Leitað verði allra leiða til að skapa eins mörgum og hægt er fjárhagslegar forsendur til að halda húsnæði sínu með því að laga til langs tíma greiðslubyrði að greiðslugetu, án þess að lengja stöðugt í lánnum
- Endurvinna kaupmátt heimilanna með því að draga markvisst úr skuldsetningu þeirra með skýrri sameiginlegri stefnumörkun hins opinbera, samtaka neytenda, launþega og atvinnulífs. Forðast ber þensluhvetjandi úrræði og álögur sem munu hækka beint innlent verðlag og draga þannig úr samkeppnishæfi framleiðslufyrirtækja, útflutningsgreina og ferðaþjónustufyrirtækja.
- Afnema tengingu neysliverðsvísitölu við veðlán neytenda og gera lánakjör veðlána sambærileg og á Norðurlöndunum.
- Koma á virkum samkeppnismarkaði með íbúðarhúsnæði, bæði á eignar- og leigumarkaði.
- Tryggja að allir landsmenn, 18 ára og eldri, geti verið þátttakendur á húsnæðismarkaði eftir efnun, áherslum og aðstæðum.
- Endurskapa fjármálakerfið sem sanngjarnan bakhjarl heimila og atvinnulífs landsins, sem stenst samanburð fjármálakerfa Norðurlandanna.

- Jafna ábyrgð lántakenda og lánveitenda við útlán, m.a. með því að takmarka veð við veðandlag, takmarka kröfur um ábyrgðarmenn, afnema samkeppnishamlandi gjöld og kvaðir fjármálafyrirtækja.
- Snúa kredithagkerfinu í debethagkerfi með áherslu á frjálstan sparnað.
- Tryggja betri vernd og vitund neytenda um rétt og skyldur með eflingu málaflokksins.
- Yfirfara og endurskoða útreikninga og forsendur verðtryggingar og verðbreytinga á núverandi lánasöfnum, fyrir 1.okt. nk.
- Endurskoða lög um greiðsluáðlögun, innheimtukostnað og fyrningarfrest fyrir 1.okt. nk., svo að kynnt úrræði virki í reynd fyrir almenning, séu raunhæf úrræði og þannig að viðreysnar sé von eftir þrot.

Bráðaaðgerðir - tillaga HH að nauðsynlegum tafarlausum aðgerðum

Grunnkrafa er gerð um að ábyrgð og kostnaði sé jafnað milli lántakenda og lánveitenda með leiðréttingu veðlána, samkvæmt tillögum HH á fjárhagslegum skaða þeim sem hlotist hefur í aðdraganda og í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Samtökin hafna einhliða boðaðri leið stjórnvalda að deila kostnaði vegna efnahagshrunsins út frá skuldastöðu heimilanna eins og nú er gert með því að knýja fram skuldaviðurkenningu veðkrafna fjármálastofnana. Þessar veðkröfur sem um ræðir eru langt umfram þær skuldir sem upphaflega var stofnað til af samningsaðilum og þar með langt umfram upphaflega samninga og greiðsluáætlanir. Þær fela í raun í sér stórtæka eignaupptöku í eiginfjárlut fjölskyldna í fasteignum, sparnaði og jafnvel ævilanga áskrift fjármálafyrirtækja að framtíðartekjum lántakenda. Samtökin hafna því einnig að hægt sé hægt að senda bakreikninga á verðtryggð lánasöfn heimilanna með beinum hækkunum á neysluverðsvisitölu. Heimilin eru ekki, og mega ekki vera, botnlaus sjálfökusjóður til að bæta fyrir tjón sem varð vegna óábyrgrar útlánastefnu fjármálastofnana og meingallaðrar efnahagsstjórnar stjórnvalda.

Gerð er krafa um að hrun efnahagskerfisins og þar með vandi heimilanna sé skilgreint sem þjóðhagslegt vandamál, sem beri að taka á með tilstilli sameiginlegra sjóða og taka tillit til í samningagerð við kröfuhafa, þar sem byrðum verði deilt í samræmi við tekjur.

- Ríkissjóður takmarki ábyrgðir sínar á skuldbindingum vegna fjármálastofnana við reglugerðir og samþykktir. Jafnræðis verði gætt í úrræðum og lausnum gagnvart mismunandi eignarformum.
- Leiðrétting gengistryggðra veðlána. Boðið verði upp á að breyta gengistryggðum veðlánum heimilanna í verðtryggð, sem miðist við gengi lántökudags. Lánið verði síðan uppreiknað miðað við verðbætur frá og með sama tíma.
- Leiðrétting verðtryggðra veðlána. Verðbótapáttur verðtryggðra veðlána heimilanna verði leiðréttur aftur til 1.janúar 2008 og miðist þá við 4% verðbótapak skv. hámarks þolmörkum verðbólgu markmiða Seðlabanka Íslands.
- Leiðrétting veðlána taki einnig til uppgjöra á veðlánnum frá og með 1.janúar 2008, þar með talið upp- og inngreiðslum á höfuðstóla og nauðasamningum.
- Tafarlaust verði sett á stofn sáttanefnd / gerðardómur í anda tillagna Talsmanns neytenda með það að markmiði að forða frekari eignabruna og frekari fjárhagshremmingum heimilanna með sem

skjótverkustum hætti. Mikilvægt er að almenningur fái sem fyrst skýr jákvæð skilaboð um að stjórnvöld kveði á um jöfnun ábyrðar milli lántakenda og lánveitenda, sem samtímis eflir traust milli almennings, stjórnvalda og fjármálakerfisins og styrkir greiðsluvilja.

- Breyting á lögum um greiðsluaðlögun, skv. tillögum HH sem lagðar voru fyrir Alsherjanefnd Alþingis (sjá vefsíðu www.heimilin.is). Meginefni tillagna HH voru að úrræðið gildi fyrir alla óháð atvinnuformi. Jafnframt að úrræðið taki strax á skuldum fólks en ekki verði farin leið sem má kalla lengingu á hengingaról með tilsjónarmanni.
- Breyting á lögum um innheimtulög. Krafa HH er að lágmarks neytendavernd komi fram í þessum lögum og reglugerð sem þeim fylgir. Setja þarf % þak á innheimtukostnað t.d. 20% á skuldir innan við 50.000 kr. Koma þarf í veg fyrir göt í lögum, sem gera slyngum innheimtulögfræðingum kleift að nýta sér í innheimtuaðgerðum sínum gagnvart heimilum.
- Breyting á lögum um fyrningu kröfuréttinda. Krafa HH er að fyrning fyrir einstaklinga sé 5 ár og alfarið sé komið í veg fyrir að hægt sé að endurnýja fyrndar kröfur með nokkrum hætti.

Viðsnúningur - tillaga HH að aðgerðum til viðsnúnings á skuldastöðu heimilanna

Grunnkrafan er að stjórnvöldin í samvinnu við fulltrúa neytenda og verkafólga hreyfinguna setji fram markvissa og tímasetta áætlun um leiðir til að minnka skuldastöðu heimilanna. Árið 1995 voru heildarskuldir 125% af ráðstöfunartekjum og höfðu hækkað í 221% af ráðstöfunartekjum við ársbyrjun 2008 og um 280% við árslok 2008. Á sama tíma hefur skuldastaða heimila hinna Norðurlandanna farið lækkandi.

- Neytendastofnun verði stofnuð að norrænni fyrirmynd og fjármögnuð af ríkinu. Þar verði öll svið neytendamála sameinuð og eflað stórlega. Meginmarkmið er að snúa ofan af sí hækkanði skuldsetningu heimilanna með breytingum á samkeppnisumhverfi helstu útgjaldþátta heimilanna, breytingum á fjármögnun veðlána, aukinni upplýsingagjöf um réttindi, skyldur og efla almenna meðvitund um fjármál heimila og einstaklinga með það að markmiði að hvetja til debetneyslu og frjáls sparnaðar.
- Tafarlaust verði sett á nefnd / gerðardómur sem yfirfari reiknireglur og útfærslur á útreikningi verðbóta út frá neyslaverðsvísitölu. Reikniaðferðir fjármálastofnana verði sannreynðar. Komi fram misbrestur á útreikningi lántakendur í hag verði tafarlaust sett fram tímasett áætlun um leiðréttingu.
- Tafarlaust verði sett fram tímasett áætlun um afnám verðtryggingar og að kjör á veðlánnum neytenda verði sambærileg kjörum Norðurlanda. Fram að afnámi verði bæði sett þak á óverðtryggð breytileg veðlán og á verðbætur verðtryggðra veðlána.
- Samkeppnishamlandi gjöld við veðlán verði tafarlaust afnumin. Öll gjöld við afgreiðslu lána endurspegli raunkostnað og verði föst upphæð, óháð upphæð láns.
- Kvaðir fjármálastofnana um umfang viðskipta verði bannaðar.
- Jafna ber ábyrgð lántakenda og lánveitenda við ný veðútlán, með því að lögboðið verði að veð skuli ávallt takmarkast við veðandlag.
- Breytingar á lögum um ábyrgðarmenn, þar sem óheimilt verði að krefjast ábyrgðarmanna við veðlán.

- Skattaumhverfi verði breytt þannig heimilin og menntun verði varin í víðasta skilningi. Koma verður í veg fyrir beina fjárhagslega hvatningu kerfisins til skilnaða og undanskota frá sköttum. Í skattaáherslum séu innbyggðir hvatar til að stofna til heimila / fjölskyldna, þar sem sérstaklega er tekið tillit til barnafjölskyldna. Heimiluð verði nýting persónuafsláttar innan kjarnafjölskyldna, þeas. milli foreldra og ungmenna á framfærslu foreldra sinna. Vaxta- og húsaleigubætur komi til afsláttar á tekjuskatti vegna kaupagreiðslna eða leigugjalds á lögheimili. Hvatt verði til sí- og endurmenntunar með skattaafslætti á útlögðum kostnaði vegna náms og vegna faglegrar símenntunar. Mótuð verði valfrjáls sparnaðarleið fyrir ungt fólk til fasteignakaupa sem veiti afslátt af tekjuskatti, sbr. BSU kerfi Norðmanna.

Efnahagslegt jafnvægi til framtíðar - tillögur HH

Grunnkrafan er að slegin verði raunverulegri skjaldborg um heimili landsins og að lausnir í dag skapi ekki augljós ný vandamál til framtíðar, ss. undirliggjandi verðbólguþrýsting vegna yfirþyrmandi persónubundinna skulda heimila og atvinnulífs.

Lágmarka ber umfang protaúrræða með fyrirbyggjandi aðgerðum til að skjóta styrkari stoðum undir atvinnustig og þar með greiðslugetu og greiðsluvilja, sem munu skila sér í minni undanskotum. Það mun einnig styrkja fjárhagslega stöðu ríkis og sveitarfélaga.

- Lækka verður stýrivexti, lánskostnað og auka almenna lánaþyrngingunni tafarlaust til að forða enn frekari þyrngingum atvinnulífsins, til að forða frekari útbreiðslu atvinnuleysis.
- Íbúðalánasjóður verður að taka þátt í samkeppni við aðrar fjármálastofnanir með boði á endurfjármögnun fasteignaveðlána og óverðtryggðum lánum.
- Fjölga ber möguleikum á búsetu- og eignarformum heimila til samræmis lausnum á Norðurlöndunum. Ef lánshlutfall verður lækkað sbr. tillögur um takmörkun veðs við veðandlag er ljóst að eftirspurn eftir leiguhúsnæði mun aukast verulega. Ennfremur þarf að stuðla að meiri samkeppni á milli eignar- og leiguforma til að framkalla eðlilegri verðmyndun á fasteignamarkaði.
- Skattaumhverfi verði endurskoðað og endurmetið til jöfnunar og jákvæðrar stýringar til samræmis við norrænt fjölþrepa skattaumhverfi.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna
Reykjavík 5. júní 2009

Skuldastaða heimilanna

- Athugasemdir Hagsmunasamtaka heimilanna við stöðumat Seðlabanka Íslands

Fimmtudaginn 11. júní hélt Seðlabanki Íslands málstofu þar sem kynnt var greining bankans á ýmsum breytum sem snúa að stöðu heimilanna í því efnahagsfárviðri sem nú gengur yfir. Undirritaður var viðstaddur kynninguna og hefur auk þess skoðað nánar upplýsingar á glærum sérfræðinga Seðlabankans, en glærurnar er að finna á vef Seðlabankans. Niðurstöðurnar eru hér bornar saman við niðurstöður/ályktanir sérfræðinga Seðlabankans.

Helstu ályktanir sérfræðinga Seðlabankans verða skoðaðar betur hér fyrir neðan, ýmist ein af annarri eða fleiri saman.

I.

Seðlabankinn: „Skuldsetning íslenskra heimila er mikil í alþjóðlegum samanburði þegar hún er mæld í hlutfalli við ráðstöfunartekjur.“

Ekki verður deilt um þessa ályktun Seðlabankans, enda er staða íslenskra heimila mikið áhyggjuefni. Íslensk heimili toppa um þessar mundir lista yfir skuldsettustu heimili í heiminum. Ástæðurnar eru margþættar, en fyrir utan þá miklu skuldaaukningu sem orðið hefur á undanförunum 2 árum, vegna lækkandi verðgildis íslensku krónunnar í alþjóðlegu samhengi og verðbólgunnar sem fylgdi, þá er ein ástæða í viðbót sem vert er að vekja athygli á. Ráðstöfunartekjur íslenskra heimila duga engan veginn fyrir eðlilegum neysluútgjöldum samkvæmt samantekt Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna. Meðfylgjandi tafla sýnir dæmi fyrir fjögurra manna fjölskyldu með tveimur fyrirvinnum á meðallaunum.

Tafla 1: Rekstrarreikningur íslensku vísitölufjölskyldunnar

Ráðstöfunartekjur (m.v. meðallaun og 2 í vinnu)	IKR
Laun karls (nettó) kr. 260.268 x 12 mán*	3.123.216
Laun konu (nettó) kr. 260.268 x 12 mán*	3.123.216
Samtals	6.246.432
Gjöld	
Neysluútgjöld vísitölufjölskyldunnar 2+2**	6.925.046
Afborganir af íbúðalánum m.v. 30 ára lán ***	1.077.899
Afborganir af LÍN lánum (3,75% af tekjum)	329.400
Samtals	8.332.345
Hagnaður/tap	-2.085.913

* miðað við meðallaun og uppfært m.v. þróun launavísitölu til maí 2009

** miðað við neysluútgjöld fyrir fjögurra manna fjölskyldu án húsaleigu og neysluvísitölu til maí 2009.

*** M.v. meðalskuld íslenskra heimila, 16 mkr., og miðað við 30 ára lánstíma og 4% verðbólgu.

Langtímalán, skammtímalán, félagsgjöld er ekki meðtalið í útgjöldum (neysluútgjöldum) heimilanna

Heimild: Arney Einarsdóttir, Morgunblaðið 16. Júní 2009.

Þessa fjölskyldu vantar sem sagt 8 mánuði af meðalárslaunum til að láta enda ná saman, þrátt fyrir vera með 520 þúsund í ráðstöfunartekjur á mánuði (þ.e. meðalráðstöfunartekjur íslensku vísitölufjölskyldunnar). Þennan mismun tekur fjölskyldan líklegast að láni sem eykur skuldsetninguna.

Vissulega er, samkvæmt tölum Seðlabankans, helmingur barnafjölskyldna með 500.000 kr. eða meira í ráðstöfunartekjur á mánuði, en í þeim tölum kemur ekkert fram hver fjöldi er í heimili, þ.e. hvernig tekjudreifing er eftir fjölda barna.

II.

Seðlabankinn: „Greiðslubyrði lána virðist engu að síður vera viðráðanleg fyrir flesta en um 77% heimila þarf að verja innan við 40% ráðstöfunartekna í greiðslubyrði íbúða-, bíla- og yfirdráttarlána.

Þegar litið er á stöðu barnafjölskyldna kemur í ljós að 78% hjóna með börn eru með viðráðanlega greiðslubyrði en staða einstæðra er erfiðari.“

Um þetta er margt að segja. Í fyrsta lagi, þá viðurkennir sérfræðingur Seðlabankans að tölur bankans taka greiðslur lána eins og þær voru í febrúar á þessu ári. Þetta þýðir að greiðslubyrði þeirra, sem fóru í frystingar eða aðrar tímabundnar skilmálabreytingar til að lækka mánaðarlegar greiðslur, á eftir að hækka verulega. Hve mikið er ómögulegt að segja, en nokkuð öruggt er að það verða fleiri en 23% heimila sem nota meira en 40% af ráðstöfunartekjum sínum í fastar afborganir lána. Í öðru lagi, þá eru þessi mörk, þ.e. 40%, í hærri kantinum og eðlilegra að miða við 30% sem viðmið. Hér má spyrja hver hafi ákveðið að það væri viðráðanlegt fyrir heimili að nota allt að 40% af ráðstöfunartekjum í fastar afborganir lána? Í þriðja lagi, skiptir engu máli hvort viðkomandi heimili er með 150 þúsund kr. í ráðstöfunartekjur eða 800 þúsund kr.? Ef heimili sem er með 150.000 kr. þarf að greiða 60.000 kr. í fastar afborganir, þá eru ekki nema 90.000 kr. eftir fyrir öllu öðru og í því samhengi vert að hafa í huga að 49% heimila eru með innan við 250.000 kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði, þar af 66% einstæðra foreldrar. Það er óraunhæft að gera ráð fyrir að heimili í lægri tekjuhópum hafi sama möguleika á því að setja 20-40% af ráðstöfunartekjum sínum í fastar afborganir lána og þeir sem eru í hærri tekjuhópnum.

Varðandi þá fullyrðingu Seðlabankans, að 78% hjóna með börn séu með viðráðanlega greiðslubyrði, þá sýna tölur úr lið I að svo er alls ekki. Hugsanlega er hægt að segja að 44% hjóna sé með viðráðanlega greiðslubyrði, en það eins og allt annað veltur á tölum sem hvergi koma fram, þ.e. hver er fjölskyldustærðin og hvernig dreifist greiðslubyrðin eftir ráðstöfunartekjum hjóna með börn. Hjón með 4 börn og ráðstöfunartekjur upp á 350-650 þúsund eru t.d. í mun verri stöðu en hjón með eitt barn og ráðstöfunartekjur yfir 500 þúsund. Þessi fullyrðing Seðlabankans er því gjörsamlega órökstudd.

III.

Seðlabankinn: „Eitt af hverjum sex heimilum er með mjög þunga greiðslubyrði og þarf að verja meira en helmingi ráðstöfunartekna í greiðslur lána.

Skuldir þessa hóps heimila sem eru með mjög þunga greiðslubyrði nema um 29% heildarskulda.“

Aftur komum við að spurningunni um það hvað telst þung eða mjög þung greiðslubyrði. Það veltur algjörlega á samsetningu heimilisins og ráðstöfunartekjum. Um 17% heimila notar yfir 50% af ráðstöfunartekjum sínum í afborganir lána, en þá er ekki öll sagan sögð. Inn í þessa tölu vantar námslán og að hluti lána hefur verið frystur eða aðrar skilmálabreytingar gerðar til að draga úr greiðslubyrði. Nú fara minnst 4 - 5% af tekjum í greiðslur námslána sem er ekki óvarlegt að meta sem 6 - 8% af ráðstöfunartekjum. Stór hluti af þeim sem greiða 40-50% af ráðstöfunartekjum í fastar afborganir eru því komin yfir 50% markið, þegar námslánin bætast við. Það er því ekki eitt af hverjum sex heimilum sem eru með mjög þunga greiðslubyrði, skv. skilgreiningu Seðlabankans á mjög þungri greiðslubyrði, heldur allt að eitt af hverjum fjórum. Síðan má deila um það hvort það að greiða 20-50% af lágum ráðstöfunartekjum í fastar afborganir lána sé ekki örugglega þung greiðslubyrði yfir í það að vera MJÖG þung greiðslubyrði. Hér vantar líka nánari upplýsingar um samsetningu heimilisfólks.

Ég hef stillt upp nýju viðmiði fyrir mjög þunga greiðslubyrði út frá ráðstöfunartekjum. Í töflunni fyrir neðan eru ráðstöfunartekjur á mánuði sýndar í þúsundum króna og greiðslubyrði sem hlutfall (%) af þeim. Í aftasta dálki er sýnd skipting heimila eftir tekjuhópum.

Tafla 2: Greiðslubyrði einstakra tekjuhópa

	0-10%	10-20%	20-30%	30-40%	40-50%	50-60%	60-70%	70-80%	80-90%	yfir 90%	Alls í tekjuhópi
0-150 þ.		26%	19%	10%	7%	4%	0%	3%	1%	18%	22%
150-250 þ.			20%	14%	11%	6%	4%	3%	2%	9%	27%
250-350 þ.			24%	16%	8%	5%	3%	2%	1%	5%	17%
350-500 þ.				13%	5%	3%	2%	1%	1%	3%	15%
500-650 þ.					3%	2%	1%	1%	0%	2%	9%
yfir 650 þ.					2%	1%	1%	0%	0%	2%	10%

(Allar upplýsingar eru úr gögnum Seðlabanka Íslands)

Grænt er viðráðanleg greiðslubyrði, gult er þung greiðslubyrði, en annað er mjög þung.

Miðað við ofangreindar forsendur, þá eru 46% heimila með viðráðanlega greiðslubyrði, 18% með þunga greiðslubyrði og 36% með MJÖG þunga greiðslubyrði. Meirihluti heimila, eða 54% þeirra, eru því með þunga eða mjög þunga greiðslubyrði, en ekki 23% heimila eins og Seðlabankinn heldur fram. Það er mikill munur á 23% og 54% og þetta gerir ekkert annað en að versna, nú þegar lán koma úr frystingu og tímabundnar skilmálabreytingar renna út.

IV.

Seðlabankinn: „Tæplega helmingur heimila með íbúðalán í erlendri mynt er með yfir 500 þ.kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði.

Meira en helmingur heimila með íbúðalán í erlendri mynt er með viðráðanlega greiðslubyrði en tæplega fjórðungur er með mjög þunga greiðslubyrði.“

Aftur vantar upplýsingar til að sannreyna staðhæfingar sérfræðinga Seðlabankans um viðráðanlega greiðslubyrði. Einnig verður að hafa í huga að hér vantar inn gengistryggð lán sem eru í frystingu eða hafa farið í tímabundna skilmálabreytingu. Samkvæmt upplýsingum frá Kaupþingi, þá hefur um helmingur þeirra sem eru með gengisbundin íbúðalán hjá bankanum nýtt sér að frysta lánin.

Gefum okkur að sú greiðslubyrði sem lýst er í gögnum Seðlabankans standi aðeins fyrir 50% af greiðslubyrði eftir að lán koma úr frystingu, þá breytist fullyrðingin um að meira en helmingur heimila sé með viðráðanlega greiðslubyrði. Allt í einu eru 63% heimila með þunga eða mjög þunga greiðslubyrði, þó skilgreining Seðlabankans sé notuð. Raunar eru yfir 50% heimila líklegast með mjög þunga greiðslubyrði. Eina leiðin til að halda meira en helmingi heimila með „viðráðanlega“ greiðslubyrði er því að halda frystingu og skilmálabreytingum áfram. Að halda greiðslubyrðinni, eins og hún var í febrúar, er eina leiðin fyrir stóran hluti heimila í landinu til að geta boðið heimilisfólki upp á mannsæmandi líf.

V.

Aðrar mikilvægar tölulegar upplýsingar

Seðlabankinn gerir enga tilraun til að skoða eða greina tölur sínar í sögulegu samhengi. Hér fyrir neðan eru teknar saman tölulegar upplýsingar, sem mikilvægt er að hafa í huga. Meðfylgjandi töflur og myndrit sýna glögg að skuldir heimilanna hafa aukist verulega frá árslokum 2004 til ársloka 2008. Er sama hvaða viðmið er notað, allt ber að sama brunni. Skuldabyrðin hefur aukist gríðarlega og er vart hægt að segja annað en að íslensk heimili séu að komast á vonarvöl.

Skuldir heimilanna við lánakerfið: Tafla 3 sýnir að skuldir heimilanna við bankakerfið hækkuðu um 236% frá árslokum 2004 til loka 3. ársfjórðungs á síðasta ári. Á sama tíma hækkuðu skuldir við ýmis lánafyrirtæki (s.s. Íbúðalánasjóð og Frjálsa fjárfestingabankann) eingöngu um tæp 46%.

Tafla 3. Skuldir heimila við lánakerfið – þróun frá 2004-2008.


Staða í milljörðum króna í lok tímabils	2004	2005	2006	2007	2008.3
Skuldir heimila við lánakerfið, alls	877	1.083,6	1.323,4	1.546,9	1.890,4
Bankakerfi	306,7	544,4	707,5	834,6	1.029,6
Ýmis lánafyrirtæki	407,3	369,2	421,8	493,1	593,9
Lífeyrissjóðir	86,8	92,5	109,2	129,7	156,0
Tryggingafélög	13,5	8,9	7,2	4,5	10,9
Lánasjóður íslenskra námsmanna	62,7	68,6	77,7	85,1	100,1

(Heimild: Seðlabanki Íslands)

Skuldir og eiginfjárlutfall samanborið við fasteignamat íbúðarhúsnæðis: Í töflu 4 hér fyrir neðan eru skuldir heimilanna skoðaðar í samhengi við fasteignamat húsnæðis og hlutfall eigin fjár fasteignaeiganda reiknað. Eins og sést, þá hélst eiginfjárlutfall nokkuð stöðugt á árunum 2004 til 2007, þrátt fyrir að aukning skulda við lánakerfið hafi numið 76,4% á þessum tíma. Helgast það fyrst og fremst af því að fasteignamat hækkaði á sama tíma um 81,0%. Eiginfjárlutfallið féll aftur milli 2007 og 2008 um nærri þriðjung, vegna þess að hækkun skulda og fasteignamats hélst ekki í hendur.

Tafla 4. Skuldir heimilanna, fasteignamat og eiginfjárlutfall.

Staða í milljörðum króna	2004	2005	2006	2007	Áætlað 2008
Fasteignamat húsnæðis	1530,7	2032,7	2311,4	2770	2894,1
Skuldir heimila við lánakerfið, alls	877,0	1.083,6	1.323,4	1.546,9	2.017,0
Eiginfjárlutfall %	42,7%	46,7%	42,7%	44,2%	30,3%




Mynd 1. Samspil skulda heimila við lánakerfið, fasteignamat og eiginfjárlutfall

Heimild: Seðlabanki Íslands, Fasteignaskrá, Morgunblaðið.

Skuldir og ráðstöfunartekjur: Skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa aukist ár frá ári undanfarna áratugi. Þó hér séu aðeins skoðuð síðustu 5 ár, þá nemur hækkunin tæpum 41%. Sé farið aftur til ársins 1994, þá nemur þessi hækkun 87%, þrátt fyrir 240% hækkun ráðstöfunartekna.

Tafla 5: Þróun ráðstöfunartekna og skulda 2004-2008

Staða í milljörðum króna	2004	2005	2006	2007	Áætlað 2008
Ráðstöfunartekjur	460,1	522,7	620,2	701,4	750
Skuldir heimila við lánakerfið, alls	877,0	1.083,6	1.323,4	1.546,9	2.017,0
Skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum %	191%	207%	213%	221%	269%



Mynd 2: Þróun ráðstöfunartekna og skulda 2004-2008

Heimildir: Seðlabankinn og Haraldur Líndal Haraldsson.

Samantekt

Það er sama hvernig lítið er á tölur Seðlabankans, þær staðfesta að staða heimilanna er mjög slæm. Skuldir stórs hluta heimila eru háar, eiginfjárstaðan slæm og greiðslubyrðin mikil, þrátt fyrir að ótiltekinn hluti lánanna sé í frystingu eða gerðar hafi verið skilmálabreytingar sem lækka greiðslubyrðina tímabundið. Það, sem er allra verst við upplýsingar Seðlabankans, er að 49% heimilanna eru með 250 þúsund eða minna í ráðstöfunartekjur á mánuði. Þannig að burt séð frá því að greiðslubyrði lána hafi hækkað mikið í kjölfar lækkunar á gengi krónunnar og verðbólgunnar sem fylgdi, þá duga ráðstöfunartekjur ekki fyrir framfærslu fjölmargra heimila. Þessi heimili hafa því neyðst á undanförunum árum til að auka skuldabyrði sína til að framfleyta sér og sínum.

Eitt stærsta verkefni stjórnvalda á næstu árum er að snúa þessari þróun við. Það verður ekki gert nema með því að bjóða almenningi upp á lánaumhverfi, þar sem skuldir lækka við að greitt sé af lánum. Sá eiginleiki verðtryggða lána að hækka stöðugt, þrátt fyrir að greitt sé af lánum, er helsta ástæðan fyrir því að fólk leitaði í gengisbundin lán. Þar var boðið upp á lága vexti og að höfuðstóll lánsins lækkaði í viðmiðunargenginu, þegar greitt var af láninu. Meðan gengið helst stöðugt, þá virkar þetta, en enginn gerði ráð fyrir 50% falli krónunnar á innan við tveimur árum, eins og reyndin varð. Lausn vandans felst því í heilbrigðu lánaumhverfi, þar sem lántakendur er boðið upp á óverðtryggt langtímalán með hóflegum vöxtum.

Höfundur: Marinó G. Njálsson, stjórnarmaður hjá Hagsmunasamtökum heimilanna, sjálfstætt starfandi ráðgjafi um áhættustjórnun og með verkfræðigráðu í aðgerðarannsóknum.

Hagsmunasamtök heimilanna / www.heimilin.is

Opin spurning: Hefur þú og þín fjölskylda þurft að neita sér um einhverjar nauðsynjar síðustu mánuði? Ef já, vinsamlega nefndu það helsta.

Samantekt:

Það kemur skýrt fram að fólk er farið að neita sér um ýmsar nauðsynjar og er þar helst nefnt tannlækningar, en einnig tómsundur og afþreying af ýmsum toga fyrir hvoru tveggja börnin sem fullorðna í heimili. Einnig eru margir sem nefna lyf og læknaþjónustu, ferðalög, bensín, gjafir, fatnað, skó, gleraugu og viðhald húsnæðis og bifreiða svo eitthvað sé nefnt.

Eða eins og einn svarandi orðaði það. „Allt lífið gengur út á að ná endum saman og borga af þessum óréttlátu lánum sem eru ekkert annað en mannréttindabrot“. Eða annar „já hér er ekki alltaf til fyrir mat og höfum við sem betur fer átt mat í kistunni en hann fer minnkandi“.

Og aðrir huga að brottflutningi: „Við erum í þeirri stöðu að geta borgað en höfum dregið saman á flestum stöðum eins og afþreyingu, matarinnkaupum og sumarfrí verða eingöngu dagsferðir frá heimili. Miklar áhyggjur af framtíðinni og hugsanir að snúa aftur til Svíþjóðar þangað sem við vorum í námi.“

Svör þátttakenda: (orðalagi og stafsetningu ekki breytt)

1. Daglegar nauðsynjar (til dæmis fæði og klæði, heilbrigðisþjónusta, tryggingar, rekstur og viðhald bifreiða og húsnæðis og svo framvegis)

Rekstur bifreiðar, niðurskurð matvælaokaupa.

Reynum að spara meira í matarinnkaupum en áður sem gengur frekar illa þar sem allt hefur hækkað. Önnur innkaup eru af skornum skammti eins og fatakaup t.d.

Seldum annan bílinn (þurfum hinn þar sem annað okkar mætir í vinnu kl. 6 að morgni og komast þarf frá Mosfellsbæ til Reykjavíkur), borðum mun minna og nánast bara það sem við getum skrifað á okkur í vinnunni, höfum tekið upp ræktun eigin matjurta og fleira

Skurðaðgerð

Spara í öllu sem viðkemur heimilinu

Sparar í mat akstur föt og allt sem maður leyfði sér áður

Spörum bílinn og hjólum.

T.d. heilbrigðisþjónusta

Tannlæknakostnaður, fatnaður, viðhald bíls

Tannlæknaviðgerðir, endurnýjun fatnaðar,

Tannlæknaþjónusta Lyf

Tannlæknaþjónusta

Tannlæknaþjónusta, að hluta

Tannlæknaþjónusta, læknaþjónusta.

Tannlækni

Tannlækni, bíl, hollur matur.

Tannlækni, föt og betri mat

Tannlækni, lyf

Tannlækningar

Tannlækningar

Tannlækningar, fatnað, svo eitthvað sé nefnt.

Tannlækningar, hollt (dýrt) mataræði, gleraugu (aldurstengd sjónskerðing)

Tannlækningar, læknaheimsóknir, bílaviðgerðir, fatnaður og skór, almennt minnkað verulega matarinnkaup og þá einkum í kjöti og fiski

Tannlækningar.

Tannlækni

Tannlæknir

Tannlæknir Læknar Lyf

Tannlæknisferðir, mikil spörun í gangi hjá mér.

Tannviðgerðir a börnum okkar

Tannviðgerðir.

Tannviðgerðir. 8 ára gamall bíll verður bara duga okkur í 10 ár til viðbótar

Til dæmis er ég hætt að kaupa ost, hann er alltof dýr

Vegna mikillar hækkunnar á lyfjum hef ég þurft að velja og hafna hvaða lyf ég leysi út.

Verð að segja upp tryggingum.

Við höfum einfaldlega þurft að versla ódýrasta fánlega matinn í Bónus og erum þar af leiðandi að borða mjög mikið ruslfæði. Við kaupum okkur heldur engin föt eða skó.

Við höfum þurft að selja t.d. bíl og fleira til að lifa af.

Við kaupum eingögnu mat þar sem það er ódýrast. Höfum ekki efni á neinu öðru en því nauðsynlegasta. Hluti fjölskyldunnar er flutt til Noregs vegna ástandsins og við höfum ekki efni á að hitta þau

Ýmislegt svo sem mat og bensín ofl.

Það fer eftir því hvernig nauðsynjar eru skilgreindar. Ég get ekki haldið íbúðinni við - bý við rafmagn sem þyrfti að laga, læt ekki gera við bílaðan miðstöðvarofn o.s.frv.

Það hefur verið niðurskurður á öllum sviðum á heimilinu, ss matarinnkaup og bensíni.

Öllu nema mat og er hann valin vel

Að borga flesta reikninga

Dregið saman eins og hægt er í mat.

Ekki beint... kaupum ódýrari mat, minna af grænmeti, fisk og góðu kjöti.

Ekki beint en höfum þurft að fá lánaðan pening fyrir mat

Ekki getað keypt vel í matinn því matvara er svo dýr

Hollur matur á borð við grænmeti, speltþasta og fisk sést ekki á borðum lengur. Illa merkt innflutt erfðabreytt matvæli, pasta úr hvítu hveiti, niðursuðumatur með E-innihaldsrúnum hefur tekið við. Vona að

sjúkratryggingakerfi landsins geti tekið við fólki

Höfum alltaf borðað mjög hollan mat og spáð mikið í gæðum matvæla en ekki lengur - nú er bara keypt það sem er ódýrast.

Höfum skorið verulega niður í matarinnkaupum

Ísskápurinn er oft tómur

Já hér er ekki alltaf til fyrir mat og höfum við sem betur fer átt mat í kistunni en hann fer minnkandi.

Já, matvöru

Já, hætt að geta veit börnum þá hollustu sem við viljum veita þeim.

Já, sómasamlegan mat, grænmeti, kjöt og annað

Lambakjöt.

Mat

Matur vel að skorinn

Matvæla alltaf í síðusta viku mánaðarins....þurfti að selja eldhúsborð að hafa fyrir matinn :(

Minnka og breyta matarinnkaupum

Aðallega eru það börnin sem verða harðast úti; föt og skór fyrir íþróttaiðkun

Fatnað

Fatnað

Fatnað, er með fatlað barn sem slítur mikið fötum.

Föt

Föt

Föt

Föt

Já, fatnað og skó

Já, seldum bíl, til að geta borgað af lánum og fleiri persónulegar ráðstafinir til að standa í skilum.

Já, td. viðgerðir á 14 ára bíl svo hann komist í gegnum skoðun eða þá endurnýjun bílsins. Allt annað sem getur fallið undir almenna neyslu en spurning hvort séu nauðsynjar s.s. innréttingar í óklárað raðhús.

Já, viðgerð á heimilisbílnum.

Já, Viðhald á fasteign

Já, borga skólagjöld fyrir tvær dætur okkar.

Kaup á bensíni

Minnkuð notkun á einkabíl.

Fara til tannlæknis.

Já, læknisþjónustu

Já - tannlæknaþjónustu

Já t.d. lyf.

Lyf.

Læknaheimsókn, tannlæknaheimsókn hvoru tveggja fyrir fullorðin einstakling

Læknisaðstoð, tannlæknisþjónustu, sjúkraþjálfun.

Margt, t.d. tanlækningar og svo margt fl.

2. Tómsundur, afþreying og munaðarvara (ss. skemmtanir, menningarviðburðir, ferðalög, gjafavara / veislur (fermingarveislur o.fl.), áfengi, bækur, klipping, snyrtivörur o.fl.)

- Afþreyingu, s.s. sjónvarp, mannamót og ferðir til að heimsækja ættingja.
- Bjór
- Ekkert frí. Tómsundur skornar niður
- Ekki nauðsynjar eða nauðsynjar veit ekki hvar ég á að flokka þetta, en barnið fær ekki að fara á mörg námskeið í sumar eins og hún hefur fengið undanfarin ár og í staðin mælir hún göturnar þegar foreldrar vinna, sem mér finnst miður.
- **Ekki nauðsynjar en börnin taka ekki þátt í neinu íþróttastarfi sem eitthvað kostar frá fyrri hluta ársins og útlegur og ferðalög sumarsins eru afskrifuð.**
- Engar nauðsynjar en neitum okkur um margt sem er ekki nauðsynlegt, ss.út að borða, bíóferðir, ferðalög innan sem utan
- Engin ferðalög - minni þátttaaka í menningaratburðum
- Engum nauðsynjum, enn sólarferð verður ekki í ár. Enn við erum bæði með vinnu.
- Er tónlistarkennsla barna nauðsyn?
- Ferðalög og frístundir
- Ferðalög, áskriftir að blöðum og sjónvarpi
- Frítíma og orlofstengda viðburði
- **Húkum inni og förum ekki neitt...**
- Já, ferðir milli landa út af fjölskyldu
- Já, við sleppum allri afþreyingu og höfum tekið börnin (4) úr tómsundarstarfi.
- Kannski ekki nauðsynjar en það er búið að taka út allt sem hægt var t.d. sjóvarpsáskrift, blöð, bíóferðir ofl
- Komumst ekki í sumarfrí
- **Líkamsrækt - nauðsynlegt til að halda heilsu**
- Minnkandi frí
- Munaðarvörur.
- Nei, ekki nauðsynjar, en flest umfram það, s.s. tónlistarnám og tómsundastarf.
- Nei, en hætti við að ferðast í sumarfríinu framundan vegna óvissunnar framundan.
- Nei. En það sem áður var kallað nauðsynjavara er orðið að lúxusvöru í dag.
- Pizza, bíó, húsd.garður og fleira þess háttar sem maður áður gat leyft sér.
- Skemmtanir, bíóferðir og bíltúra
- Tómsundur fyrir krakka
- Utanlandsferðir og önnur ferðalög.
- **Utanlandsferðir, ferðalög, sumarfrí.**
- Við eigum góða að sem aðstoða okkur, en við höfum þurft að neita t.d. golfíþróttinni fyrir strákinn og verðum líka að láta hann hætta í fótbolta
- Öll afþreying aflögð
- **Öll menningartengd afþreying okkar foreldranna s.s. eins og bíóferðir og leikhúsferðir hafa verið teknar af dagskrá. Námskeið f. börnin í sumar og engin utanlandsferð verið farin, hvorki í fyrra né í ár (slepptum brúðkaupi mágs míns erlendis í fyrra).**

1. Almennur sparnaður / aðhald og „önnur svör" (svör sem erfitt er að flokka)

- Flest venjulegt er minna og ÓHOLLARA .

- Aðhald og ekkert bruðl en ekki farin að neita okkur um nauðsynjar.
- Allt
- Allt.
- **Almennar aðhaldagerðir í gangi, uppsögn á blöðum og sjónvarpsáskriftum.**
- Almenn aðhald sem reyndar hefur verið í lengri tíma.
- Almennur niðurskurður, aðallega tengt mat og skemmtun
- Auðvitað, hverskonar spurning er þetta þegar samdráttur launa er 50% og atvinnuleysi er svona eins og það er. Hækkanir á öllu sem gera launasamdráttinn 50%. Eins öll lán út fyrir rjáfur.
- Á engan afgang lengur til að hjálpa börnum eða öðrum.
- Bara aðhald í öllu svo sem ekki kaupa föt ekki dekra við sig eða barnabörnin á neinn hátt
- Dreg úr allri neyslu um sinn - kaup eingöngu nauðsynjar
- Það eina sem við kaupum í dag er matur og við höfum dregið stórlega saman hvað keypt er og hvernig.
- Ekkert er gert umfram að borga skuldir og af láni, ekki aurar til fyrir öðru,
- Ekki enn en lifum spart.
- Ekki ennþá en munaður er af skornum skammti þessa dagana.
- Endar ná ekki saman, ef við leyfum okkur e-ð þá bitnar það á einhverju öðru...
- Er atvinnulaus einstæð móðir. Svára ég ekki þessari spurningu með þessum aðstæðum.
- Ég tók ekki þátt í „góðærinu“ og hef alltaf verið sparsöm og er það ennþá en finn að það er minna eftir af laununum núna þarf að fara gætilega og er kannski ekki búin að átta mig því fullkomlega.
- Fjárhagur okkar leyfir einungis brýnustu nauðsynjar matur og nauðsynleg för fyrir börnin
- Flest allt já
- **Flest það sem kostar eitthvað; unglíngurinn minn hefur mest fundið fyrir því !!**
- Gerum bara það allra nauðsynlegasta og það er ekkert bruðl á mínu heimili...
- Gætum strangs aðhalds um eyðslu og neitum okkur um allt annað en það sem við getum ekki nauðsynlega verið án t.a.m. matur og bíll.
- Hvað er nauðsyn? Spara allt sem ég get og dugir tæpast til... hvað svo?
- Höfum neitað okkur um allt sem hægt er. Of langur listi til að telja það upp hér.
- **Höfum notað kreditkort til að ná endum saman, sparað á öllum mögulegum sviðum**
- Í raun ekki nauðsynjar en við lifum mun sparlegar en áður.
- Í raun er eingöngu hugsað um að matur sé til staðar, hiti og ljós á húsnæði og skuldum er forgangsraðað. Annað er munaður sem settur er til hliðar.
- Já, drögum úr öllum útgjöldum
- **Já allt skorið niður, ódýrari matur, reynt að nota blínn sem minnst, búið að skoða alla liði á heimilinu og spara heilmikið. En hrædd um að það dugi kannski ekki til.**
- Já gri'um bara mat og ekkert annað
- Já um mánaðarmót stendur ekkert eftir svo það kemur af sjálfu sér, þó svo að hafi verið gripið til aðgerða sem í boði hafa verið dugar það ekki til.
- Já öllum óþarfa, bara það allra allra nauðsynlegast keypt.
- Já! launin rétt duga fyrir mat og þess háttar
- Já, + sótti um neyðarlán námsmanna er með 2 börn í heimili. Átti ekki fyrir mat, húsaleigu né öðru. Fékk ekki lán því ég uppfylti ekki í bréfi uppgefin eftir á skilyrði. Hefði ég vitað skilyrðin fyrirfram áttu þau nánast öll við í okkar tilfalli.
- Já, m.a. þurft að gæta útsjónasemi við innkaup á matvælum og fl.
- **Já, með hækkandi matvöruverði hefur verið erfitt fyrir 6 manna fjölskyldu að kaupa í matinn.** Matvöruverð verður að lækka og einnig verð á fasteignum. Þetta kallar á stórar afskriftir, en því miður er ekkert annað hægt og það þarf að keyra á þetta og valta
- Kannski ekki en við horfum í hvern aur þegar farið er að versla
- Kannski ekki þurft. Spurningin er alltaf hvað eru nauðsynjar? Margt lætur maður bara eiga sig. Hugarfarið er annað, mann vantar ekkert.
- Kaupum ekki lengur íslenskt. Kaupum ódýrasta matinn og vörurnar hverju sinni.
- Lifum spart
- **Meira og minna allt sem við höfum gert í gegnum tíðina.**
- Nauðsynjar eru einfaldlega skilgreindar öðruvísi í dag. Föt og bíóferðir eru ekki lengur nauðsyn, lambalærið fær líka að víkja fyrir ódýrari innkaupum. Líklega mætti m.a.s. kalla þennan nýja lífsstíl heilbrigðari enda er meiri útivist með fjölskyldu.

- Nei en við leyfum okkur minna. Vil frekar spara en eyða.
- Nei en það er mun minna keypt inn en áður
- Nei, ekki brýnar nauðsynjar. En lítið svigrúm hefur verið umfram það til að veita sér ýmis lífsgæði.
- Nei, ekki nauðsynjar en höfum dregið úr allri neyslu. Erum von að lifa frekar spart og núna veltum við því fyrir okkur hvort við þurfum á hlutunum að halda. Verslum ekki nema af nauðsyn.
- Nei, ekki nauðsynjar, en það er enginn afgangur til þess að gera neitt.
- Nei, en spáum meira í öll innkaup
- Nei, höfum lifað mjög spart sl. 6 ár, notum engin kort og erum með engin lán.
- Neitum okkur um alla skapaða hluti, borgum bara skuldir
- Peningurinn fer algjörlega í reikninga og nauðsynja mat, annað er ekki hægt, og er þrátt fyrir það að nota viðbótarsparnaðinn sem ég fæ í þetta, þar sem skert vinna hefur mikið að segja í launum
- Sonur minn flutti inn til mín til þess að ég gæti staðið straum af greiðslu lána - og lifa (þó er ég í vinnu). Því get ég ekki kvartað og veit að mun fleiri hafa það þúsund sinnum verra en ég.
- Sonur minn hefur verið atvinnulaus og hann hefur ekki haft til hnífs og skeiðar, hafði ekki rétt á atvinnuleysisbótum, hann vann sjálfstætt og fékk ekki greitt, greiddi ekki í trygg.sjóð, hvernig á maður líka að greiða gjöld af launum sem ekki eru greidd?
- Svo að segja allt, börnin finna mest fyrir þessu.
- Svo gott sem.... aðeins keypt það allra nauðsynlegasta og það á lánum (visa)
- Velta fyrir sér hverri krónu
- **Við erum í þeirri stöðu að geta borgað en höfum dregið saman á flestum stöðum eins og affreyningu, matarinnkaupum og sumarfrí verða eingöngu dagsferðir frá heimili. Miklar áhyggjur af framtíðinni og hugsanir að snúa aftur til Svíþjóðar þangað sem við vorum í námi**
- Við hugsum meira um í hvað peningarnir fara
- Við höfum aldrei lifað hátt, helst höfum „brúðlað“ gegnum tíðina með því að reyna stundum að kaupa umhverfisvænar vörur, fair trade og slíkt, en slíkur „munaður“ er horfinn úr okkar lífi.
- Við höfum breytt lífsstíl, verslum öðruvísi inn og kaupum ekki neinn óþarfa. Erum orðin meðvitaðri um verðmun á vörum í mismunandi verslunum.
- Við höfum dregið alla neyslu verulega saman
- Við höfum dregið saman seglin og minnkað útgjöld þó nokkuð til að geta átt afgang af launum
- Við höfum einungis keypt mat og bensín. Höfum ekki efni á neinu öðru (börnin fer að sárvanta föt). Kvíði haustinu þegar þau þurfa hlý föt.
- Við höfum þurft að endurskoða lífstíl okkar talsvert og lifum í dag afar spart. Þrátt fyrir að hafa skorið mikið niður og skorið á allt sem heitir ferðalög erlendis, út að borða nánast alfarið o.s.frv. að þá erum við samt að ganga á sparnað fjölskyldunnar
- Við munum þurfa þess eftir nokkrar vikur, miðað við hvað í stefnir, með tvö börn.
- Við þurfum að neita okkur um flest annað en brýnar nauðsynjar.
- Það vantar 150.000 á mánuði upp á að greiða af lánum, fáum lán hjá fjölskyldu. Síðan þarf að kaupa í matinn fyrir 5 manna fjölskyldu.
- Það er alltaf huglægt mat hvað eru nauðsynjar og hvað ekki. En við höfum þurft að neita okkur um ansi margt!
- Það er ekki gert hjá okkur annað en að vinna, eta og sofa. Peningarnir eru búnir fyrir mánaðarmót
- Það er skorið við allt í dag.
- Þurft að fá lán hjá ættingjum fyrir mat
- Þurfum að nota kreditkort til að kaupa mat og bensín getum ekki leyft okkur nema það alira nauðsynlegasta
- Þurfum að spara á öllum sviðum.

1. Afborganir af lánum og (annar) húsnæðistengdur kostnaður

- Ekki enn, en ég læt nauðsynjar barna minna ganga fyrir og sleppi t.d. að borga af einu láni þann mánuðinn, en þannig er ég komin 1-2 mánuðum eftir, borga meiri dráttarvexti, í raun verður vandinn bara meiri og meiri þ.e. af að borga af öllu saman.
- Er með 6 manna fjölskyldu, atvinnulaus en í fæðingarorlofi, næ endum saman með því að ganga á sparnað og borga ekki af húsnæðinu
- Ég hef látið frysta þrjú lán af fjórum hjá Íbúðalánasjóði til þess að eiga fyrir nauðsynjum

- Nauðsynjar hafa gengið fyrir og í staðinn ekki verið borgað af íbúðaláni
- **Nei það hefur gengið upp því við höfum ekki greitt af húsinu í 10 mánuði.**
- Nei, ekki enn af því ég vel mat fyrir fjölskylduna frekar en að borga í botnlausan brunn lána.
- Nei, er er hætt að greiða af lánum
- Nei, nauðsynjar ganga frammar afborgunum á lánum
- Nei - en í lok þessa árs munu endar ekki ná saman.
- Nei - en það er fyrirséð í náinni framtíð - allir varasjóðir eru að tæmast.
- **Nei - en það er út af því að gengistryggða lánið er fryst**
-
- **Ef ég borga mestan part minna reikninga þá er ekkert eftir fyrir mat. Því þarf ég að veiða, borga reikninga eða svelta. Ég ákvað að svelta ekki.**

4. Svör sem erfitt er að flokka

- Nauðsynjar er afstætt
- **Bý úti á landi og hef því ekki fundið fyrir góðærinu. Förum ekki á veitingarhús, ekki bíó, ekki leikhús ekkert sem kostar .höfum bara ríkissjóðvarp. og reynum bara að halda okkur heima.**
- Daglega umgengi við barnabörnin, sem öll eru farin af landi brott með foreldrum sínum vegna ástandsins.
- **Eftir að við gáfumst upp í okt 2008 höfum við haft það ágætt, en erum að spara til að staðgreiða bíl eftir nokkra mánuði. Þar sem að við förum flatt á kúpuna**
- Eiginlega varð viðsnúningur þar sem að heimilisfaðirinn fékk aftur eðlileg laun, fékk vinnu eftir 6 mánaða atvinnuleit og endar náðu allt í einu samann. Kannski maður fari að brúðla smá, svona korter í gjaldþrot. ...
- Eigum erfitt með að ná endum saman síðustu 10 daga mánaðarins
- Ekki beinlínis nauðsyn, en ég vildi búa á Íslandi með börnum mínum og maka. Gat það ekki lengur og er fluttur úr landi.
- Ekki enn sem komið er, en það kemur senn að því.
- Ekki enn, njótum hjálpar fjölskyldu.
- Ekki enn, styttist í það
- **Ekki komið að því þar sem lánið hefur verið í frystingu en nú er því lokið og því þyngist róðurinn all verulega**
- Erum bara að lifa dag fyrir dag
- Erum ellilífeyrisþegar og það er upp til hópa fólk sem hefur það mjög skítt fjárhagslega en það hefur verið þannig árum saman.
- Erum frekar þurftalíti en þrengingarnar aukast sífelld.
- Erum með erlent húsnæðislán í frystingu og höfum því þurft að neita okkur um þær nauðsynjar að geta gert nokkrar áætlanir um framtíðina.
- Ég er öryrki og er því ekki úr miklu að móða
- Ég hef allt mitt líf forðast óþarfa lífsgæðamunað, verið hagsýnn og sparsamur. Þá hef ég leigt út hvert skúmaskot, leigt bílana út og borðað úr gámunum. Okkar fjölskylda hefur haldið þessum lífsstíl frá upphafi og stöndum því bara vel í krepunni.
- Ég man ekki í augnablikinu
- Fluttist erlendis.
- Hef átt fund með ráðgjafastofu heimilanna varðandi mín mál ... á eftir að fá niðurstöðu frá þeim fundi.
- Hef sem betur fer ekki þurft að neita mér um nauðsynjar... eins og er, en það breytist þegar að ég byrja að borga af gengistryggða láninu mínu
- Höfum aldrei lifað í munaði
- Íslenskar vörur eru töluvert dýrari. Sé ekki fram á það að geta keypt íslenskar vörur verð að kaupa það ódýrast fyrir mig og heimili mitt. Allur munaður er horfinn
- Kaupum ekki föt á okkur eða barnið sem eftir er heima en neyðumst til að borða á yfirdrætti!

- **5. Blönduð svör**
- Fatnað ódýrari matur keyptur, keyrt minna. Tómsundur barna ofl.
- Já, er búinn að skera talsvert mikið niður meðal annars mat, skemmtanir, ferðaög og já, næstum allt
- Aðallega allan lúxus, bíóferðir, ísferðir, út að borða, ferðalög í önnur byggðarlög.
- Bara ferðalögum eins og er, einnig hættum við að endurnýja bílinn. Svo er bara að halda í við sig
- Bara skorið niður magn innkaupa á nauðsynjavörum - borðum minna.
- Bensín, ferðalög, dýrari matur, tómsundur ofl þh
- Bensín, mat og dægrardvöl barna.
- Bensín, niðurskurður í matarinnkaupum, námskeið fyrir börnin ekki í boði
- Benzínkaup, kjötk., ungbarnaþurrmjólkín látin ganga fyrir.
- Bifreið, föt, matur
- Bifreið, tómsundur, algengar neysluvörur og m.fl.
- Bæði fæði og klæði
- Börnin tekin úr tóniastarskólum, ekkert sumarfrí - heldur aukavinna í staðinn. Meiri vinna framundan í vetur sem þýðir að eldri börnin þurfa að passa yngra systkin.... seinniparta, kvöld og stundum helgar!
- Dregið hefur verulega úr betri máltíðum, horfum í aurinn. Erum hætt að nota VISA að undanskildum matarinnkaupum. Föllum sjaldan í bíó. Utanlandsferðir útilokaðar að mestu.
- Dregið saman eldsneytiskostnað og matarinnkaup.
- Dregið saman í matarútgjöldum. Ekið minna vegna eldsneytisverðs
- Eftir að allt hækkaði í verði að þá t.d nota ég bílinn minna, er að fara að hætta að reykja (sem er kannski ekki svo slæmt, en vegna verðs... er það fátíðlegt) einnig borðar maður kannski ódýrari mat en áður... ofl ofl.
- Ekki beint lífsnauðsynlega hluti... en fatakaupum er hætt... sem og leikhúsferðum og að fara á veitingahús. Eitthvað sem hefur margfeldisáhrif á verslun og þjónustu... þegar fjöldinn bregst eins við. Skapar enn fleiri gjaldþrot og uppsagnir.
- Ekki ennþá, engar nauðsynjar en það er ýmislegt sem þarf að kaupa en verður að bíða betri tíma, sbr. skó og fatnað, auk ýmis eihústæki þar sem okkar eru ónýtt
- Ekki mikið sem komið er enda búin að frysta gengistryggð lán annars er frestað öllum ferðalögum og viðskiptum við útlönd og minna er keypt af nauðsynjum og munuðavörum og verslunarmynstrið nær fyrst og fremst yfir allt sem er virkilega nauðsynlegt...
- Engin föt keypt, sparað í öllum matarinnkaupum, ekkert sumarfrí.....
- Erum að byggja og búum í hálfkláruðu húsi sem við höfum ekki efni á að ljúka við. Reynum að spara á öllum sviðum ss. matvara, fatnaður, bensín og höfum sagt upp áskrifum af blöðum, sjónvarpi og sleppum allri munaðarvöru.
- Ég veit kannski ekki hvað telst til nauðsynja en rýnt er í hverja krónu í matarinnkaupum og fatnaður telst orðið lúxusvara á heimilinu.
- Fatakaup á börnin, klipping, viðgerð á bílinn
- Fatakaup á börnin, skór ofl. afþreying fyrir börnin og í matakaupum.
- Fatakaup, allar lúxusvörur svo sem kex, morgunkorn, vörur úr bakaríum, snyrtivörur, ferðir á hárgreiðslustofur (heimaklipping)
- Fatnað, en aðallega hefur lúxus verð skorinn niður, föllum ekki lengur á veitingastaði, ekki til útlanda, og börnin fá minna af ýmsum afþreigingum og leikföngum. Þá erum við hætt með alla áskrift af blöðum og sjónvarpi
- Fatnaður, námskeið barna, viðgerð á bifreið
- Ferðalög, einkaskóia fyrir krakkana og viðgerðir á húsinu
- Föllum ekkert, verslum engin föt, höfum sparað eins og hægt er í matarinnkaupum
- Föt og mat
- Föt, ferðalög, dýran mat (t.d. lamba og nautakjöt).
- Föt, gæði matar
- Föt, mat, eldsneyti
- Gera við bílinn á verkstæði borga fjölskyldu og húseigandatryggingar (sem sagt ótryggð)
- Get sjaldan keypt föt, engar frístundir fyrir börnin, engann bíl, vantar þvottavél, er einstæð móðir í 2 vinnum, háskólamenntuð.
- Góðann sunnudagsmat, endurnýjun á fatnaði og skóm, ferðalög í sumar bæði utan- og innanlands.

- Hef sparað ALLT við mig í meira en ár. Ekkert sumarfrí í fyrra, engin utanlandsferð. Engin ferð innanlands heldur. Einstæð móðir. Spara mikið í matarinnkaupum,
- Hér er niðurskurður á öllu, mat og fatnaði.
- Höfum ekki neitað okkur um allra helstu nauðsynjar. Frekar drögum við að greiða reikninga en helstu nauðsynjar eru þröngt skilgreindar. Kaupum m.a. nánast aldrei fatnað og spörum t.d. eldsneyti með því að taka strætó eða ganga.
- Í mataræði, fatnaðaði, tómsundum, ferðalögum
- Íþróttir fyrir börnin okkar. Fatnað sem hefur þurft
- Já - klippingu, leikhús, tónleika.o.m.fl.
- Já: Matarinnkaup mun minni í sniðum - ódýr matur fyrir valinu, fatnaður ekki keyptur heldur látinn endast, blöð bækur og tímarit ekki keypt, eldsneyti sparað, upphitun spöruð
- Já, fæði og klæði, húsnæði
- Já, spara bensín kaupa ódýrt inn
- Já, sumarleyfi, mat og svo margt annað
- Já við höfum þurft að spara mikið við okkur í mat og bensíni. Þurft að hugsa sig tvisvar um áður en keypt er. Föllum oftar út í búð og kaupum minna í einu. Erum mikið með afganga virka daga. Höfum ekki farið á bíó í marga mánuði og höfum ekki efni á því
- Já við spörum í mat og getum ekki látið börnin á leikjanámskeið
- Já það hefur töluverður sparnaður átt sér stað í matarinnkaupum og bíllinn er notaður minna.
- Já, hef þurft að minnka innkaup á mat, er ekki með síma lengur, erum hætt að nota bíllinn nema í nauðsyn
- Já, t.d. fatnað og sennilega hluta af sumarfrí
- Já. Höfum ekki keypt föt, fengum styrk fyrir íþróttum barnanna, fáum peninga hjá foreldrum til að hafa fyrir mat út mánuðinn. Svo ekki sé nú talað um að annað er einfaldlega ekki keypt.
- Já. Mat og föt. Höfum lækkað hita og rafmagn.
- Kaupa föt og skó á börnin, sleppa klippingu, getum ekki gert við bíllinn, getum ekki keypt ný gleraugu fyrir barnið okkar. Eina kjötið sem er á boðstólum er nautahakk og slátur.
- Leikhús, klippingu, námskeið, bensín
- Leyfum okkur ekki neitt, það er ekki til peningur fyrir neinu eins og tannlækni, hárklippingum eða öðru sem ætti ekki að teljast munaður að leyfa sér. Allt sparað í sambandi við mat og bensín.
- Lyf, snyrtivörur, afþreyingu s.s. að taka þátt í söngferðum með kórnum sem ég syng í
- Matarinnksup og bensín
- Matur og fatnaður
- Minnkum matarinnkaup, engin fatainnkaup, keyrt sem allra minnst ofl
- Nauðsyn er afstætt orð en við höfum alveg sleppt ferðalögum, veitingahúsaferðum og ýmis konar þjónustu sem við keyptum áður og gætt sparnaðar í mat og drykk
- Nánast allar tómsundir, ódýrari matur, ekkert bíó ofl
- Nánast allt. Mat, bensín, föt, samskipti við fólk.
- Nei, en hef fengið aðstoð foreldra við að hafa fyrir mat, bensín o.s.frv..
- Ný leikskólaföt á dótturina (hin of lítil), klipping, laga óvirkar rúðupurrkur á bíl (erum hættuleg í rigningu)
- Sé ekki fram á að geta heimsótt mömmu út á land. Föllum ekkert í fríinu. Getum ekki klætt húsið að utan (vonandi skemmist það ekki).
- Spara í mat og frístundum
- Sumarfrí. Út að borða. Föt. Heilsugæslu-Læknisþjónustu.
- Sumarfríð farið, draga úr stuðningi við íþróttaiðkun barna og matarkaupum.
- Sumarleyfi, niðurskurður á fatakaupum, ferðum (eldsneyti), segjum upp tryggingum (hagræðum).Viðhald bifreiðar drabbast niður. Meiri aðgætni í matarkaupum
- Tann- og Læknisþjónusta, kjöt/fisk, fatnað, hobby, íþróttabáttaka barna, bíó, viðhald á bíl og heimili, leikskóli o.fl.
- Tannlæknaþjónusta, fatakaup, frístundabáttaka.
- Tannlæknaþjónustu, fatakaup, skemmtanir, tómsundir.
- Tannlæknaþjónustu, ferðalögum, notkun á einkabílnum, sparnað í matarinnkaupum, föt eru ekki keypt í krepunni.
- Tannlækningar fatnaður og tómsundir og ýmis matvara
- Tannlækningar, föt og sumarfrí
- Tannlækni, gera við og skoða bíllinn, kaupi ekki lengur þvottaefni og fleira í þeim dúr. Bara að vera

áskrifandi af fjölmiðlum er orðið of dýrt, vantar allar umræður um nefskatt Rúv.

- Tómsundastarf, segja upp blóðum, matvara
- Tómsundir barna, öðruvísi matarinnkaup, engin fata-skókaup nema nauðsyn fyrir börnin, akstur skipulagður. Engar viðhalds framkvæmdir við húseign þótt þess sé þörf.
- Utanlandsferðir, minna keyrsla, minna innkaup í matinn,
- Við höfum dregið mjög saman í ferðalögum og fatakaupum og kaupum ódýrari og lakari matvæli.
- Við höfum ekki þurft að neyta okkur um nauðsynjar en ýmislegt annað sem maður hafði veitt sér áður (utanlandsferðir og þvíumlíkt). Við eyðum mun minna í mat en áður og oft er léttmeti í kvöldmatinn á virkum dögum (skyr, súpur, brauð og þvíumlíkt).
- Við höfum svo sannarlega verið að spara. Ef hægt er að tala um nauðsynjar, þá förum við ekki út að borða, förum ekki í frí, kaupum ódýrt í matinn, förum sjaldnar í bíltúra, notum afar lítið af bjór og áfengi, lækkuðum á ofnum, festuðum málun á húsi og fl.
- Við verslum í matinn og sveltum ekki. Frekar keyptur matur en borgaður reikningur ef ekki er hægt að gera hvoru tveggja. Sparað eins og hægt er í matarinnkaupum. Föt ekki keypt þótt þess þyrfti. Allt sparað og aðeins keypt ef nauðsyn ber til.
- Við þurfum að skera niður allt sem snýr að tómsundum, ferðalögum, sumarfrí og að gera vel við okkur sem fjölskylda með ungling. Við höfum aldrei haft Stöð 2, hættum að reykja, engin áskrift af blóðum né tímaritum, notum áfengi í hófi og engar skemmtanir
- Ýmiss matvæli, heilbr.þjónustu ferðir til lækna v/veikinda en látum barnið ganga fyrir, notuðum sparifé að hluta fyrir sýklalyfjakostnaði. Bensín á bílinn og bílaviðgerðir. Tannlæknaferðir (skuld þar fyrir). Barnafatnaður.
- Ýmsa matvöru, fatnað, tómsundir barnanna vegna skorts á fjármunum til að kaupa nauðsynlegan æfingarfatnað eða greiða félagsgjöld. Sumartómsundir fyrir börnin, tannlæknaþjónustu og sérfræðilæknisþjónustu.
- Ýmsar matvörur eru ekki keyptar reynt að spara á ýmsa vegu, reynt að láta minna magn að mat duga. Unglingunum er ekki leyft að fara á bió, ekki keypt ný föt á fjölskyldumeðlimi nema alger nauðsyn beri til. Akstur á bílnum takmarkaður eins og frekast er unnt
- Ætlum örugglega að selja bílinn okkar en það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það strax. Við höfum sleppt við að kaupa morgunkorn, snarl og fl. enda telur þetta allt. Einnig hefur ekkert verið farið útá lífið í langan tíma heldur það aðeins spari núna.
- Kjötmeti, vín, lyf.
- Alla venjulega þætti sem tengjast heimilinu og börnunum 6. Höfum fengið fjárhagsstuðning frá ættingjum þegar vantað hefur upp á hjá okkur til að kaupa í matinn og aðrar nauðsynjar, ekkert annað borgað.
- Allt annað en brýnustu nauðsynjar.
- Allt annað en það nauðsynlega sem þarf til að halda lífi held ég, börnin þurfa mat og húsaskjól og fatnað og olíu á bílinn til að koma þeim á leikskóla, annað fara peningarnir ekki í því það eru ekki til peningar fyrir öðru.
- Allt annað en það sem telst algjörar nauðsynjar, draga verulega saman í matarinnkaupum. Komumst ekkert í sumarfrí.
- Allt lífið gengur út á að ná endum saman og borga af þessum óréttlátu lánum sem eru ekkert annað en mannréttindabrot.
- Allt nema mat.
- Allt sem er umfram það nauðsynlegasta
- Allt sem heitir gjafir (afmælisgjafir, brúðargjafir o.þ.u.l.) hafa ekki verið keyptar, fatakaup, kaupi minna af grænmeti og ávöxtum og öðrum matvörum sem eru í dýrari kantinum en eru kanski hollari kostur.... Verð sett fram yfir hollustu.
- Allt umfram nauðsynjar er á stoppi. Matur, bensín og sundferðir það eina sem við leyfum okkur :(
- Almennur samdráttur, allt keypt eins ódýrt og kostur er. Hef þurft að spara mikið í barnamat, bleyjum og almennum matarinnkaupum - er samt að borga miklu meira fyrir mun minni matvöru. Getum ekki endurnýjað fatnað og skó.
- Annaðhvort að kaupa mat eða borga reikninga. Reikningar látnir víkja fyrir mat og bensíni og þessháttar. Yfirveðsettur, stefnir í gjaldþrot.
- Bara skorið niður í mörgu er aðallega að borga lán af húsnæði og bíl lítið til umfram það.
- Bensín á bílinn, nauðsynleg fatakaup eru ekki í boði, allar forsendur til að borga reikninga (missti aukavinnuna og konan óvinnufær sökum ungabarns), eigum oft ekki fyrir mat í lok mánaðar
- Bílaviðgerð - bensín - tannlæknir

- Elga bíl, allar skemmtanir, sleppa læknaðstoð og lyfjum,
- Ekkert sumarleyfi verður tekið í ár annað atvinnulaust og hitt í nýrri vinnu með helming launa síðustu ára. Fatakaup á okkur og börnin verið skorin nánast algerlega niður. Endurbætur á húsi því sem við fjárfestum í frestað, jafnvel nauðsynlegum verkefnum
- Ekki efni á nýrri þvottavél. Krónan á ónýtu tönnina bíður eitthvað lengur.
- Ekki ferðast í sumarfrí. Tannviðgerðir bíða.
- Er eina fyrirvinnan á mínu heimili, ein með ungling, hef af þeim sökum þurft að neita mér um margt undanfarin ár, fata- og skókaup eru þar helst, mikið fengið fót af fjölskyldu og vinum. Frestað dýrri læknaðgerð, tannlæknaheimsóknum, gleraugnakaupum.
- Erum orðin bíllaus og ekki á leið að fjárfesta í öðrum. Höfum ekkert keypt nema mat og allra helstu nauðsynjar ofan í 5 manna fjölskyldu síðan í september þegar annar aðilinn varð atvinnulaus.
- Ég get bara keypt það allra nauðsynlegasta og reyndar ekki það allan mánuðinn. Oft ekki til fyrir mjólk og brauði. Hef verið afskaplega heppin með að geta „boðið“ sjálfri mér í mat til þabba þegar við höfum bara ekki átt neitt matarkyns
- Ég hef þurft að neita mér um mat. Ég get ekki keypt mér gleraugu, heyrnartæki né lækniþjónustu tannlæknis. Ég rek ekki lengur bifreið og hef ekki efni á að gefa tækifærisgjafir.
- Fatakaup, tannlæknaþjónustu
- Fatnað og fl. á börnin og okkur, lækniþjónustu, lyfjakaup og stundum mat.
- Fatnað, tannviðgerðir, sumarfrí
- Fatnaður, tannviðgerðir.
- Föt, tannlæknaþjónustu (þeir eldri), þurfum að leigja út íbúð okkar og búa hjá foreldrum/tengdaforeldrum með börn okkar. Frístundir handa börnum.
- Get ekki verið hjá konu og börnum vegna vinnu erlendis, spörum í öllu til heimilis og förum ekki í sumarfrí.
- Geta greitt fasteignagjöld af 2 húsum, ekkert sumarfrí í ár, sjónvarp ónýtt (hefur verið reynt að gera við), fatakaup fyrir fjölskylduna, bíóferðir, keila, skemmtanir fyrir börnin og fleira, bílalan gleymist alveg að verður að grípa til aðgerða þar
- Getum ekki borgað lausaskuldir, ekki borgað fasteignagjöld, ekki farið í sumarfrí, getum ekki borgað yfirdrátt, getum ekki borgað upp kreditkort
- **Gleraugu, tannlæknir, nauðsynleg bílaviðgerð, viðhald á húseign**
- Greiðum bara lyf og mat og hluta af lánum. Skuldir safnast upp.
- Húsið, (bankinn tók það), (bankinn tók bílinn) og ég er komin til Svíþjóðar sem fjárhagslegur flóttamaður ásamt konu minni. Nýju ríkisstjórnina sem samanstendur af tveimur stórhættulegum manneskjum, Jóhönnu og Steingrími, vil ég helst skjóta!! Strax!
- Höfum sparað eins og hægt er. Ekki keypt fatnað.
- Höldum að okkur höndum, dregið úr eyðslu, nýta allt betur, engin ferðalög, leggja heimilisbílnum eða nota eingöngu í nauðsynlegar ferðir
- Já lyf og fatnaður
- **Já lækniþjónustu, tannlæknaþjónustu, kjöt, fisk, bensín, lyf, þetta er bara brot og er það versta... ástandið er verulega slæmt hjá mér er öryrki með barn á framfæri. Ég reyki ekki né drekk.**
- Já við höfum þurft að neita okkur um lækniþjónustu, breyta matarinnkaupum, taka barn úr frístundaskóla, sleppa því að kaupa hjól handa börnunum ofl
- **Já, bílaviðgerðir, lyf bíða til mánaðarmóta, ekki greitt tólmstundareikning vegna barna, tökum ekki sumarfrí í sumar, skráum aukavinnu á börnin til að spara skatta ofrv.**
- Já, föt, gleraugu, sumarnámskeið fyrir börnin, bensín, endurnýjun á rafmagnslögnun (c.a.90 ára lagnir), ýmiskonar viðhald í húsini eins málning og þakviðgerð.
- Já, föt, snyrtivörur, skó, stundum þurft að bíða með að kaupa lyf. Læknisheimsóknir. Billinn aðeins notaður til að fara úr og í vinnu og verslunarferðir. Ekki efni á að fá rafvirkja til að taka í gegn rafmagnið í húsini. Stefni að því að flytja úr landi.
- Já, tannlækni, mat og fl. Greiði húsaleigu, tek frá ákveðna upphæð til að kaupa til matar, rest fer í afborganir. Ef rangt er áætlað í byrjun þá vantar hreinlega í lok mán.
- Já, tannlækningar, **viðhald á húsi.**
- Já. Sumarbúðir fyrir börn, tónlistarskóla fyrir börnin (þau voru í tónlistaskóla), afborganir lána.
- **Já. Veitum okkur ekkert förum ekki á bíó, kaupum ekki dagblöð eða tímarit, bara með RUV. Komst ekki á Akureyri í fermingaveislu hjá nánasta ættingja. Ætlum ekki í sumarfrí. Þetta er ömurlegt ástand. Alltaf**

einhverjir reikningar sem verða að bíða.

- Klippingu, fatnað, tannlæknir, dýran mat, safa
- Komst ekki til tannlæknis, bensín (búin að leggja bílnum) ofl.
- Læknisaðstoð, forgangsraða hvað á að kaupa og hvað ekki, ef bíllinn bilar þá er ekki neinn peningur eftir til mán. móta. fer ekki í frí innanlands ofl.ofl.
- Mat, lyf, lækniþjónusta
- Matarinnkaup, læknihjálp (þmt. tannlæknar), gleraugnakaup.
- Matur og lækniþjónusta
- Matvæli, læknisheimsóknir, lyf.
- Matvörur - tannlæknir - lyf - læknir - fatnað - bensín - áskrift fjölmiðla - engin ferðalög
- Minni matarkaup, þ.e. einhæft fæði. Hef ekki haft efni á menningarviðburðum , líkamsrækt, læknisaðstoð, tannlækniþjónustu,.